

ÞINGSKÖP ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBANDS ÍSLANDS

Verksvið þingforseta

1. grein

- 1.1 Áður en gengið er til dagskrár, skal þingforseti kanna, hvort löglega hafi verið til þings boðað og úrskurðað um lögmati þess, sbr. ákvæði laga ÍSÍ.
- 1.2 Sé þing lögmætt, skal gengið til dagskrár og þingstörf hafin samkvæmt dagskrár Íþróttabings ÍSÍ.
- 1.3 Sé boðun þings áfátt skv. úrskurði þingforseta, skal hann rökstyðja þann úrskurð og síðan slíta þingi án frekari umræðna.

2. grein

- 2.1 Þingforseti stjórnar umræðum og sér um, að allt fari fram með góðri reglu. Vilji forseti taka þátt í umræðum, frekar en staða hans gefur tilefni til, skal varaforseti stjórna fundi á meðan.
- 2.2 Þingforseti sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðarbók og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar svo og hverja afgreiðslu þær fengu.
- 2.3 Þingforseti og þingritari undirrita fundargerðir, eftir að hafa gengið úr skugga um, að allt sé þar rétt til bókar fært. Fundargerðin þannig undirrituð skal síðan send héraðssamböndum og sérsamböndum öllum.

3. grein

- 3.1 Í öllum forföllum þingforseta gengur varaforseti þingsins að öllu í hans stað.

Þingritari

4. grein

- 4.1 Þingritari ritar gerðarbók undir umsjón þingforseta og getur í henni allra mála, sem rædd eru á þinginu og hver meðferð þeirra og niðurstaða varð.

Nefndir

5. grein

- 5.1 Nefnd má kjósa í hvaða máli sem er. Kosning skal bundin við tilnefningar og tala nefndarmanna að jafnaði standa á stöku. Nefndarmenn skulu vinna að nefndarstörfum svo fljótt og samviskusamlega sem frekast er unnt.

6. grein

- 6.1 Sá sem kjörinn er með flestum atkvæðum í nefnd, eða fyrst er tilnefndur kveður nefndina saman til fyrsta fundar og lætur kjósa formann, ritara og framsögumann.

Umræður

7. grein

- 7.1 Þingfulltrúi, sem óskar að taka til máls, skal að fengnu leyfi þingforseta, standa upp úr sæti sínu og mæla þaðan, nema sérstakur ræðustóll sé til þess ætlaður.
- 7.2 Þingfulltrúar skulu flytja mál sitt málefnalega, halda sér við það málefni, sem til umræðu er og án gífuryrða.

8. grein

- 8.1 Forseti ÍSÍ, þingforseti, framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega taka svo oft til máls sem þurfa þykir og kostur er á.
- 8.2 Séu tveir eða fleiri samflutningsmenn máls, skulu þeir ákveða, hvor eða hver teljist framsögumaður.
- 8.3 Aðrir mega ekki taka til máls oft en tvisvar sinnum í sama máli á sama fundi. Jafnan er þó heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um fundarsköp eða til að bera af sér sakir.



Um reglur á þingfundum

9. grein

- 9.1 Þingforseti gefur þingfulltrúum venjulega leyfi að taka til máls í þeirri röð, er þeir óska þess. Hann getur þó vikið frá þessari reglu varðandi framsögumann og til þess að fulltrúi geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snerta hann sjálfan.

10. grein

- 10.1 Skylt er þingfulltrúum að lúta valdi þingforseta í öllu, er að því lýtur að gæta góðrar reglu á þinginu. Þingforseti sér um að allt fari löglega fram. Hann úrskurðar um skilning þingskapa. Að ósk 5 eða fleiri þingfulltrúa, skal hann skjóta slíkum úrskurði til þingsins.
- 10.2 Ekki má lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta.
- 10.3 Þingforseta er heimilt að gera fundarhlé, hvenær sem hann álfur það nauðsynlegt, eða fresta þingfundi um allt að einn sólarhring.

11. grein

- 11.1 Dragist umræður úr hófi, getur forseti lagt til að þeim verði hætt, og sker fundurinn úr því með atkvæðagreiðslu án frekari umræðu. Sömuleiðis geta 5 eða fleiri fulltrúar krafist slíkrar atkvæðagreiðslu.
- 11.2 Komi fram dagskrártillaga, þ.e.a.s. tillaga um að umræðum skuli hætt og tekið fyrir næsta mál á dagskrá án atkvæðagreiðslu um hið fyrra mál, skal slík tillaga þegar í stað borin undir atkvæði án umræðu.
- 11.3 Sérhver þingfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og þingið hefur úrskurðarvald um. Tillögur skulu vera skriflegar. Þær má afturkalla hvenær sem er, hafi ekki verið greidd um þær atkvæði.

12. grein

- 12.1 Komi fram breytingartillaga, ein eða fleiri, við aðaltillögu, skal fyrst bera upp þá þeirra, er lengst gengur, en loks aðaltillögu með áorðnum breytingum, hafi þær verið samþykktar.
- 12.2 Viðaukatillögu skal bera upp á eftir aðaltillögu.
- 12.3 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála, nema annað sé áskilið í lögum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands eða heimilað í þingsköpum þessum.

Atkvæðagreiðslur

13. grein

- 13.1 Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu, nema þar sem annað er ákveðið í lögum sambandsins. Atkvæði skal greiða skriflega, sé þess krafist af a.m.k. 25 fulltrúum. Forseti tilnefnir tvo menn eða fleiri til að telja saman atkvæði.
- 13.2 Forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslu, eftir að mótatkvæða hefur verið leitað.
- 13.3 Hafi úrslit atkvæðagreiðslu ekki verið skýr, lætur þingforseti aftur ganga til atkvæða.
- 13.4 Sé atkvæðagreiðsla skrifleg, má aðeins greiða beint svar við því, sem atkvæða er leitað um, ella er atkvæðið ógilt.

14. grein

- 14.1 Eigi má taka neitt mál til meðferðar, nema einhver fulltrúi taki það til flutnings, eða þeir sem hafa málfrelsi og tillögurétt á þinginu.

15. grein

- 15.1 Þyki fulltrúum ekki ástæða til að gera ályktun um mál, geta þeir vísað því til framkvæmdastjórnar sambandsins.

16. grein

- 16.1 Eftir uppástungu þingforseta eða 5 þingfulltrúa má breyta út af þingsköpum þessum, ef 3/4 þeirra fulltrúa, sem á fundi eru, samþykkja.
- 16.2 Þingforseti gæti þess, að slík afbrigði, ef leyfð eru, gangi aldrei í bága við lög ÍSÍ

Þannig samþykkt á Íþróttþingi, 17.-18. apríl 2009.